

Umsóknir, innritun og nemendasamsetning í framhaldsskólum á vorönn 2021

Hér eru teknar saman tölur um nemendur í íslenskum framhaldsskólum á vorönn 2021. Fjallað er um umsóknir og innritun annars vegar og um skráða nemendur í framhaldsskóla hins vegar.

Tölurnar miðast við gögn sem sótt voru í Innu, skólakerfi framhaldsskólanna, þann 1. mars 2021. Um tvo lista er að ræða sem gerð er grein fyrir aftast í samantektinni:

1. Umsóknir nemenda um skólavist og afgreiðsla þeirra 2021 og
2. Heildarskrá yfir nemendur í framhaldsskólum árið 2021.

Vísað er í þá sem lista 1 og 2.

Samantektin nær til 30 af þeim framhaldsskólum sem koma fram í listunum, þ.e. skóla sem bjóða upp á fjölbreytt heildstætt nám samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Þeir eru nefndir *hefðbundnir framhaldsskólar* í samantektinni.

Stuðst er við ISCED flokkun sem er sambærileg þeirri sem Hagstofa Íslands notar við flokkun gagna um íslenskt skólakerfi. Gögnin eru gjarnan skoðuð út frá þeim námsleiðum sem nemendur velja sér og er þá skipt í:

- *almennt bóknám*
- *starfsnám*
- *undirbúningsnám*
- *starfsbrautir*


Almennt bóknám er nám á framhaldsskólastigi sem miðar að fræðilegu háskólastigi. Hér er fyrst og fremst um stúdentsbrautir að ræða auk fjarnáms. *Starfsnám* er ýmist skilgreint sem nám á framhaldsskólastigi sem leiðir til starfa á vinnumarkaði eða nám sem byggir ofan á nám á framhaldsskólastigi og leiðir til starfa á vinnumarkaði. *Undirbúningsnám* samanstendur fyrst og fremst af framhaldsskólabrautum og almennum brautum. *Starfsbrautir* eru námsbrautir fyrir fatlaða nemendur.

Samantekt í þessum dúr var fyrst gefin út fyrir [haustönn 2020](#) en áætlað er að gefa reglulega út sambærilegar tölur svo hægt verði að fylgjast með þróun í námsvali og nemendafjölda eftir námsleiðum og öðrum breytum.

1. Umsóknir og innritun framhaldsskólanema á vorönn 2021

Umsóknartímabil fyrir vorönn 2021 stóð yfir 1.-30. nóvember 2020. Að þessu sinni voru umsóknir í hefðbundna íslenska framhaldsskóla 2.915 talsins samkvæmt lista 1. Þar er bæði um að ræða nemendur sem koma nýir inn í framhaldsskóla og þá sem eru að skipta um skóla. Tekið skal fram að listinn nær ekki yfir allar umsóknir í íslenska framhaldsskóla líkt og fram kemur í kaflanum *Uppruni gagna* aftast í samantektinni.


Mynd 1 sýnir að framhaldsskólarnir samþykktu 79,9% umsókna en höfðu 16,4% umsókna. 3,6% umsókna fengu önnur lok, s.s. *hættir við*, *ógild* eða *óstaðfest*.



Mynd 1. Umsóknir í hefðbundna íslenska framhaldsskóla á vorönn 2021 eftir stöðu umsókna (byggt á lista 1).


Á mynd 2 má sjá hvernig umsóknir skiptast á milli almenns bóknáms, starfsnáms og undirbúningsnáms. Umsóknir í starfsnám eru 52,2% af heildarfjölda umsókna en í almennt bóknám 34,3%. 13,2% umsókna eru í undirbúningsnám og 0,3 á starfsbrautir. Sjá má að höfnunarhlutfallið er hæst í starfsnám eða 19,7% á móti 17,2% í undirbúningsnám, 11,6 % í almennt bóknám og 11,1% á starfsbrautir.

Þegar umsóknir eru bornar saman við nemendasamsetningu framhaldsskólanna, sbr. mynd 5, kemur í ljós að aðsókn í starfsnám á vorönn er mun meiri en heildarsamsetning nemendahópsins myndi annars gefa til kynna. 52,2% umsækjenda á vorönn sækja um starfsnám en starfsnámsnemendur í heild sinni eru 33,1%. Áhugavert væri að greina nánar aldursskiptingu umsækjenda og ástæður þess að svo mikið er sótt um starfsnám.




Mynd 2. Umsóknir á vorönn 2021 eftir námsleiðum og stöðu umsókna (byggt á lista 1).

Mynd 3 sýnir að karlkyns umsækjendur í hefðbundna framhaldsskóla eru umtalsvert fleiri en kvenkyns umsækjendur eða 57,9% á móti 42,1%. Gögnin gefa til kynna að körlum sé frekar hafnað en konum en höfnunarhlutfall þeirra meðal umsækjenda er 19,3% á móti 12,5% meðal kvenna. Það kann að tengjast því að karlar sækja fremur í starfsnám þar sem hlutfall hafnana er hæst eins og fyrr segir.



Mynd 3. Umsóknir á vorönn 2021 greindar eftir kyni og stöðu umsókna (byggt á lista 1).

Á mynd 4 má sjá hvernig umsóknir dreifast milli landshluta. Eins og gefur að skilja er yfirgnæfandi meiri hluti umsækjenda af höfuðborgarsvæðinu en einnig má sjá að höfnunarhlutfallið er hæst þar eða 22,7% á móti 5,4% vögnu meðal höfnunarhlutfalli úr öðrum landshlutum.




Mynd 4. Fjöldi umsókna á vorönn 2021 eftir landshlutum og stöðu umsókna (byggt á lista 1).

Þegar niðurstöður um umsóknir og innritun framhaldsskólanema á vorönn 2021 eru teknar saman sést að um 80% umsókna eru samþykktar í framhaldsskólum landsins. Rúmlega helmingur umsækjenda sækir um starfsnám sem er umtalsvert meiri fjöldi en nemendasamsetning í íslenskum framhaldsskólum gefur til kynna. Umsóknir karlkyns nemenda eru töluvert fleiri en kvenkyns nemenda og er umsóknum þeirra hafnað í meira mæli en umsóknum kvenna. Langflestir sækja um skólavist á höfuðborgarsvæðinu og er höfnunarhlutfall þar mun hærra en í öðrum landshlutum.

2. Nemendafjöldi á vorönn 2021

Fjöldi nemenda í hefðbundnum íslenskum framhaldsskólum þann 1. mars 2021 var 20.989 samkvæmt lista 2 sem gerð er grein fyrir aftast í samantektinni. Þetta eru 1.655 færri nemendur en komu fram í samantekt fyrir [haustönn 2020](#). Það kann m.a. að skýrast af því að hluti nemendahópsins útskrifaðist um áramót auk þess sem leitast var við að fjarlægja grunnskólanemendur, sem skráðir voru í nokkrar framhaldsskólaeiningar, úr gögnunum nú. Einnig kann brottfall á milli anna að spila þarna inn í.


Sjá má hvernig nemendur skiptast niður á námsleiðir á mynd 5. Í almennu bóknámi eru nemendur 11.952 talsins, í starfsnámi 6.689, í undirbúningsnámi 1.807 og á starfsbrautum 505. Á óskilgreindar námsbrautir eru 36 nemendur skráðir og eru þeir ekki í þeim útreikningum sem hér fara á eftir.



Mynd 5. Hlutfall framhaldsskólanema eftir námsleiðum á vorönn 2021 (byggt á lista 2).


Nær þriðjungur nemenda er skráður í starfsnám og 57% í almennt bóknám. Skráning í undirbúningsnám er 8,6% og á starfsbrautir 2,4%. Þetta eru sambærileg hlutföll og komu fram í samantekt Menntamálastofnunar fyrir [haustönn 2020](#) enda að mestu leyti um sama nemendahóp að ræða.

Þegar kynjasamsetning nemendahópsins er skoðuð kemur í ljós að hún er nokkuð ólík eftir námsleiðum eins og sjá má á mynd 6. Þar sést að karlkyns nemendur sækja fremur í starfsnám en kvenkyns nemendur. Auk þess er hærra hlutfall karlkyns nemenda í undirbúningsnámi og á starfsbrautum. Kvenkyns nemendur eru hins vegar fjölmennari í almennu bóknámi.




Mynd 6. Kynjaskipting í íslenskum framhaldsskólum eftir námsleiðum (byggt á lista 2).

Á mynd 7 má sjá að ásókn í starfsnám eykst verulega með hækkandi aldri. Það kann að benda til þess að nokkur hluti nemenda hafi ekki unað sér á þeirri námsleið sem valin var í upphafi og fært sig yfir í starfsnám síðar. Athygli vekur að hlutfall nemenda 17-18 ára í undirbúningsnámi minnkar samanborið við hópinn 16 ára og yngri en eykst síðan aftur hjá eldri nemendum.



Mynd 7. Skipting nemenda á námsleiðir eftir aldri.
Aldur miðast við fæðingardag nemanda (byggt á lista 2).


Eins og sjá má á mynd 8 er algengast að nemendur í almennu bóknámi séu skráðir á náttúrufræðibrautir en þar á eftir koma félagsfræðibrautir og opnar brautir til stúdentsprófs. Þessar þrjár tegundir brauta eru áberandi fjölmennastar og hafa samanlagt 71,7% hlutdeild í almennu bóknámi í heild. Kynjaskipting virðist meira afgerandi á fámennum bóknámsbrautum. Kvenkyns nemendur sækja t.a.m. meira á félagsfræði-, mála- og listabrautir en karlkyns nemendur á viðskipta-, tækni- og íþróttabrautir.



Mynd 8. 15 fjölmennustu bóknámsbrautir framhaldsskólanna eftir kyni.

Prósentur aftan við nöfn brautanna sýna hlutdeild þeirra í samanlögðu almennu bóknámi. Tölur aftan við súlur sýna heildarfjölda nemenda á viðkomandi brautum (byggt á lista 2).

Á mynd 9 eru 15 fjölmennustu starfsnámsgreinarnar skoðaðar sérstaklega og sést þá að húsasmíði og rafvirkjun eru fjölmennastar en sjúkraliðanám kemur þar fast á eftir. Einnig sést að kynjaskipting í starfsnámsgreinum er mjög áberandi. Greinarnar eru jafnan annað hvort áberandi karlagreinar, s.s. húsasmíði og rafvirkjun, eða áberandi kvennagreinar, s.s. sjúkraliðanám, nudd og snyrtifræði.



Mynd 9. 15 fjölmennustu starfsnámsgreinarnar framhaldsskólanna eftir kyni. Prósentur aftan við nöfn greinanna sýna hlutfall nemenda af öllu starfsnámi. Tölur aftan við súlur sýna heildarfjölda nemenda í viðkomandi grein (byggt á lista 2).

Þegar niðurstöður um nemendasamsetningu eru teknar saman sést að nær þriðjungur nemenda er skráður í starfsnám og 57% í almennt bóknám. Aðsókn í starfsnám eykst verulega með hækkandi aldri. Algengast er að nemendur í almennum bóknámi séu skráðir á náttúrufræðibrautir en þar á eftir koma félagsfræðibrautir og opnar brautir til stúdentsprófs. Hvað starfsnám varðar eru húsasmíði og rafvirkjun fjölmennustu námsleiðirnar en sjúkraliðanám kemur þar fast á eftir. Kynjaskipting í starfsnámsgreinum er mjög áberandi.

3. Uppruni gagna

Þær niðurstöður sem hér eru settar fram byggja á úrvinnslu lista sem sóttir voru í Innu, skólakerfi framhaldsskólanna, þann 1. mars 2020. Um er að ræða tvo lista sem bera heitin „*Umsóknir - allar*“ og „*Nemendur í námi*“. Aðeins var haldið inni þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á fjölbreytt heildstætt nám samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, samtals 30 skólum. Í samantektinni eru þeir kallaðir *hefðbundnir framhaldsskólar*.

Listi 1: *Umsóknir - allar*: Listinn gefur yfirlit yfir umsóknir og niðurstöðu þeirra á vorönn 2021. Gerður er sá fyrirvari að ekki birtast allar umsóknir í listanum, m.a. vegna mismunandi vinnulags skóla við meðhöndlun umsókna og vegna þess að listinn skilar ekki gögnum úr öllum umsóknarkerfum sem framhaldsskólarnir nota.

Listi 2: *Nemendur í námi*: Listinn gefur yfirlit yfir nemendur sem skráðir eru í framhaldsskóla á tilteknum tímapunkti, í þessu tilfelli 1. mars. 2021. Þar er m.a. að finna upplýsingar um námsbrautir, kyn og aldur nemenda. Tvíteknar kennitölur voru fjarlægðar úr listanum auk nemenda án eininga á vorönn 2021 og nemenda sem skráðir voru á námskeið sem falla utan framhaldsskólans. Hið sama á við um nemendur 14 ára og yngri og þá sem augljóslega voru enn í grunnskóla þótt þeir væru skráðir í nokkrar framhaldsskólaeiningar. Hið síðastnefnda, að fjarlægja grunnskólanemendur úr gögnunum, er breyting frá því sem gert var fyrir samantekt á [haustönn 2020](#) vegna þróunar á verklagi við úrvinnslu.

Arnar Sigbjörnsson og Rúnar Helgi Haraldsson, sérfræðingar hjá Menntamálastofnun, tóku umfjöllunina saman í mars 2021.